
Útsvar og fasteignagjöld 2024

1. Útsvar :

Útsvarsprósenta fyrir árið 2024 verði 16,444%

2. Fasteignagjöld :

Fasteignagjöld fyrir árið 2024 verði lögð á sem hér segir:

a. Fasteignaskattur

- i. A - flokkur Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. í lögum nr. 4/1995 verður 0,3% af heildar fasteignamati.
- ii. B – flokkur Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,32% af heildar fasteignamati.
- iii. C – flokkur Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og öðrum eignum eins og þær eru skilgreindar í 3. gr. í lögum nr. 4/1995 verður 1,65% af heildar fasteignamati.

Sérstakur afsláttur er veittur af fasteignaskatti samkvæmt reglum um afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega, sjá lið 5 hér að neðan.

b. Lóðarleiga

- i. Almenn lóðarleiga verði 1,0% af fasteignamati lóðar.
- ii. Lóðarleiga ræktunarlands verði 3,0% af fasteignamati lóðar.

c. Vatnsgjald

- i. Vatnsgjald á íbúðarhúsnæði verði 0,172% af heildar fasteignamati eignar.
- ii. Aukavatnsskattur verði lagður á atvinnuhúsnæði samkvæmt mæli og leggst á m³ notkun. Grunnur gjaldsins er 17,8 kr. á m³ miðað við grunnvísitölu september mánaðar 2007. Gjaldið uppreiknast á hverjum gjalddaga.

d. Fráveitugjald

- i. Fráveitugjald verði 0,18% af heildarfasteignamati eignar.
- ii. Gjald fyrir hreinsun rotþróa verður skv. gildandi gjaldskrá.

e. Sorphirðugjald

- i. Íbúðarhúsnæði
Á grundvelli laga nr. 7/1998 er sorphirðugjald lagt á hverja íbúð. Sorphirðugjald fyrir íbúðir skal vera sem hér greinir :

Grunnkerfið				
Gjaldfl.nr	Breytileg gjöld			
511	Blandaður heimilisúrgangur 240 ltr	<15 metra	28 d.	26.148
541	Pappír/pappi 240 ltr	<15 metra	28 d.	8.866
551	Plast 240 ltr	<15 metra	28 d.	8.866
521	Lífrænn úrgangur 140 ltr	<15 metra	28 d.	11.440
591	Fastagjald			17.808
	Samtals			73.128
	Gjald 2023			70.990
	Hækkun/Lækku n			3,0%

Sparkerfi				
Gjaldfl.nr	Breytileg gjöld			
512	Blandaður heimilisúrgangur 140 ltr	<15 metra	28 d.	18.655
541	Pappír/pappi 240 ltr	<15 metra	28 d.	8.866
551	Plast 240 ltr	<15 metra	28 d.	8.866
521	Lífrænn úrgangur 140 ltr	<15 metra	28 d.	11.440
591	Fastagjald			17.808
	Samtals			65.635
	Gjald 2023			60.960
	Hækkun/Lækku n			7,7%

Tvískipt sparkerfi				
Gjaldfl.nr	Breytileg gjöld			
531	140/100 l tvískipt grá/lífræn tunna	<15 metra	28 d.	33.370
541	Pappír/pappi 240 ltr	<15 metra	28 d.	8.866
551	Plast 240 ltr	<15 metra	28 d.	8.866
591	Fastagjald			17.808
	Samtals			68.910
	Gjald 2023			65.997
	Hækkun/Lækku n			4,4%

Fast gjald er lagt á allar fasteignir sveitarfélagsins til að standa straum af veittri þjónustu tengdri málaflokknum og er ekki beintengt úrgangsmagni s.s umsýsla, fræðsla, hreinsun rusls á víðavangi, rekstur grenndarstöðva og aðgengi að gámasvæði með gjaldfrjálsan úrgang. Álagningin er á fasteignir í a, b og c-lið samkvæmt 3.gr laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995

Fast gjald á fasteignir í a-lið 17.808 kr.
 Fast gjald á fasteignir í b og c-lið skiptist eftir flatarmáli fasteigna sem hér segir:

Stærð fasteignar	15-250 m ²	23.604 kr.
Stærð fasteigna	251-1000 m ²	37.078 kr.
Stærð fasteigna	>1001 m ²	77.245 kr.

Gjalddið skal innheimt með fasteignagjöldum og er gjalddagi sorpgjalds hinn sami og fasteignargjalda. Sorpgjalddið nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði.

Gjalddagar fasteignargjalda verði 11 talsins, þeir eru: 1.febrúar, 1.mars, 1.apríl, 1.maí, 1.júní, 1.júlí, 1.ágúst, 1.september, 1.október, 1.nóvember og 1. desember. Eindagi er 30 dögum síðar.

f. Afslættir

- i. Sérstakur afsláttur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega verður veittur við álagningu fasteignaskatts og fráveitugjalds á íbúðarhúsnæði skv. reglum þar um.
- ii. Veittir verði afslættir til félaga sem starfa að menningar-, íþrótt-, æskulýðs- og tómstundarstarfsemi eða vinna að mannúðarstörfum og reka eigið húsnæði eða leigja til lengri tíma en eins árs fyrir starfsemina skv. reglum þar um.